



Ábyrgð Toro

Takmörkuð ábyrgð

Samantektarlýsing

The Toro Company lofar, að eigin vali, að gera við eða skipta út Toro vörunni hér að neðan ef galli er í efni eða framleiðslu á tímabilinu sem talið er upp hér að neðan.

Toro veitir enga aðra beina ábyrgð. Framleiðandi vélar eða rafgeymis getur veitt sína eigin ábyrgð og/eða sérstaka ábyrgð á losunarkerfi. Fylgiskjöl fylgja með vörunni, eftir því sem við á.

Vörur og ábyrgðartímabil

Eftirfarandi tímabil eiga við frá upphaflegri kaupdagsetningu:

Vörur	Ábyrgðartímabil
Allar vörur (að undanskildum vörum hér að neðan)	2 ár eða 1.500 vinnustundir ¹
Gatarar	2 ár eða 500 vinnustundir ¹
Turf Pro og Range Pro raðir	2 ár
Framhjól, framhjólappinnar, ásar, legur, skurðarhausslegur, fjölhreyfiritar, lyftitjakkur	1 ár

¹Hvort sem kemur á undan.

Ábyrgð vegna efnis- og smíðagalla í Li-ion hleðslurafhlöðunni gildir í þann árafjölda sem tilgreindur er í töflunni hér að neðan. Með tímanum dregur notkun rafhlöðunnar úr orkurýmnd hennar (MWh) við fulla hleðslu. Orkunotkun er breytileg eftir notkun, aukabúnaði, grassverði, undirlagi, stillingum og hitastigi.

Vörur	Ábyrgðartímabil
Toro HyperCell® rafgeymir	
Vista® skutla	5 ár eða 1,5 MWh ¹
Workman® lítum vinnubíll	5 ár eða 1,5 MWh ¹
Greensmaster® eTriFlex® 3370 togeining	4 ár eða 1,5 MWh ¹
Groundsmaster® e3200 og e3300 togeining	4 ár eða 1,5 MWh ¹
Rafgeymir sem er ekki frá Toro	
Greensmaster eFlex® 1021, e1021 og e1026 flatarsláttuvél	8 ár eða 0,9 MWh ²

¹Hvort sem kemur fyrst. MWh er skráð fyrir hverja rafhlöðu.

²Rafhlöður sem ekki eru frá Toro eru á ábyrgð framleiðanda viðkomandi rafhlöðu.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Þú berð ábyrgð á að tilkynna dreifingaraðila eða vottuðum söluaðila sem þú keyptir vöruna um ábyrgðartilvik um leið og það kemur í ljós. Ef þú þarfnast aðstoðar við að finna næsta dreifingaraðila eða vottaða söluaðila eða ef þú hefur spurningar um ábyrgðarréttindi þín eða skyldur geturðu haft samband við okkur á:

Þjónustudeild viðskiptavara
The Toro Company
8111 Lyndale Avenue South
Bloomington, MN 55420-1196
Netfang: commercial.warranty@toro.com

Skyldur eiganda

Það er á þína ábyrgð að viðhalda Toro vörunni þinni með því að fylgja viðhaldsaðferðunum sem lýst er í *notendahandbókinni*. Slíkt reglubundið viðhald, hvort sem það er í höndum söluaðila eða þín, er á þinn kostnað. Ábyrgð er á varahlutum sem áætlað er að skipta um sem áskilið viðhald („viðhaldsvarahlutir“) á tímabilinu upp að áætluðum skiptitíma fyrir þann hluta.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Bilanir vöru sem stafa af notkun á varahlutum sem ekki eru frá Toro, eða vegna breyttra varahluta frá Toro, eða af uppsetningu og notkun á aukahlutum og vörum sem ekki eru frá Toro.
- Bilanir í vöru sem rekja má til þess að ráðlögðu viðhaldi og/eða stillingum var ekki sinnt.
- Bilanir í vöru sem rekja má til misnotkunar, hirðulausrar eða ógætilegrar notkunar.
- Varahlutir sem eyðast við venjulega notkun. Dæmi eru, en takmarkast ekki við, bremsuklossar og fóðringar, kúplingsfóðringar, blöð, kefli, rúllur og legur (lokaðar eða smurhæfar), rúmhnífa, kerti, stýrishjól og legur, dekk, síur, belti og ákveðnir úðaíhluti eins og þindir, stútar, flæðimælur og einstefnulokar.
- Bilanir vegna utanaðkomandi áhrifa, þar á meðal, en ekki takmarkað við, veðurs, geymslu, óhreinninda, notkunar ósamþykks eldsneytis, kælivökva, smurefna, íblöndunarefna, áburðar, vatns eða íðefna.
- Bilun eða frammistöðuvandamál vegna notkunar á eldsneyti (t.d. bensíni, dísilolíu eða lífdísil) sem er ekki í samræmi við staðlana sem tilgreindir eru í *notendahandbókinni*.
- Venjulegur hávaði, titringur, slit eða rýmun. Venjulegt „slit“ felur í sér, en takmarkast ekki við, skemmdir á sætum vegna notkunar, slitið málað yfirborð, rispaða limmiða eða glugga.
- Kostnaður við reglubundið viðhald eða varahluti, svo sem eldsneyti, smurolíu, olíuskípti, stillingar, síur, kerti eða loftsíur.

Almennir skilmálar

Viðgerð hjá vottuðum dreifingar- eða söluaðila Toro er þitt eina úrræði samkvæmt þessari ábyrgð.

Toro Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vara sem undir þessa ábyrgð falla, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð. Fyrir utan útblásturs- eða rafhlöðuábyrgð sem vísað er til hér að ofan, ef við á, er engin önnur bein ábyrgð. Allar óbeinar ábyrgðir á söluhæfi og notagildi takmarkast við endingartíma þessarar beinu ábyrgðar.

Atugasemd um útblástursábyrgð

Útblástursstjórkerfi vörunnar þinnar kann að falla undir aðskilda ábyrgð sem uppfyllir kröfur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) og/eða loftslagráði Kaliforníu (CARB). Vinnustundamörk sem gefin eru upp hér á undan tengjast ekki ábyrgð útblástursstjórkerfisins. Frekari upplýsingar eru í ábyrgðaryfirlýsingu fyrir útblástursstjórkerfi sem fylgi vörunni eða er að finna í fylgiskjölum vélarframleiðanda.